

Ed.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um skráningu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip, sem er 6 metrar á lengd eða stærra, þegar eignarrétti að því er svo háttað, sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenska ríkisins, íslensks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags, þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrír fimmtu hlutar félagsseigna hið minnsta vera í eign íslenskra ríkisborgara.
5. Ef skip er eign hlutafélags, þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar, sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu, sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár, og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjá fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar, sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til, þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

2. gr.

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Siglingamálastjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem siglingamálastjóri setur.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helzt óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eiganda. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

Siglingamálastofnunin gefur árlega út skipaskrá yfir skráð íslensk þilskip.

5. gr.

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar, sem eigandi eða eigendur ætla því heimilisfang.

Siglingamálastjóri getur veitt eiganda þilskips einkarétt til nafns á skipinu. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu geti valdið. Þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, meðan það helzt í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi fimm árum, eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr.

Um frumskráningu skips fer, sem hér segir: Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem óskráð eru hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslensks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublaði frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Siglingamálastjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem um getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingadómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr.

Siglingamálastjóri gefur út þjóðernisskírteini handa skráðum skipum, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernisskírteini gefið út handa því.

Skráningarskyld skip, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hafa mælibréf, eins og greinir í lögum um skipamælingar.

Í þjóðernisskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er út gefið, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar út gefin, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á þiljubita við aðallestaropið, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem vel fer á því.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip og nafnið á bóg þess. Ef skipið er fiskiskip, skal einnig setja umdæmisbókstafi og tölu á bóg þess.

Marka skal beggja megin að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir í desimetrum.

Siglingamálastjóri ákveður, hvernig haga skuli merkingu á skipum, sem minni eru en 30 rúmlestir brúttó.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Breyta má nafni á skipi, þegar eigendaskipti verða að því, en þó svo, að ekki fari í bág við einkarétt á nafni, sbr. 5. gr. Ella verður nafni skips ekki breytt, nema leyfi siglingamálastjóra komi til. Þó að nafnbreyting verði, skulu einkennisstafir skips haldast óbreyttir.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og getur þá fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernisskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hvers konar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru eignarheimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernisskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernisskírteini, skal hann senda Siglingastofnuninni staðfest endurrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, en þó eigi lengur en einn almanaks mánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

10. gr.

Þjóðernisskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafizt.

Þegar skipstjóranskipti verða á íslenzku skipi, sem þjóðernisskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63 29. marz

1961, nafn skipstjóra þess, er við tekur, á þjóðernisskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn. Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernisskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

11. gr.

Nýtt þjóðernisskírteini skal gefa út í stað eldra, þegar svo stendur á, sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað, nema glatað sé:

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini stendur, um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða að skipi.
5. Ef þjóðernisskírteini hefur glatazt. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernisskírteini sínu, og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernisskírteini stendur um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.

reglum 9. gr.

Ákvæði 1. mgr. um þjóðernisskírteini skulu einnig gilda um mælibréf.

12. gr.

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingadómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublað, sbr. 17. gr. Þinglýsingadómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt staðfestu endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur horizt Siglingamálastofnuninni, skipið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, unz umskráning hefur farið fram.

13. gr.

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi, fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskipaskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingadómara í því þinglýsingaumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum réttihöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingadómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingadómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr.

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. eða 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr.

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farizt, svo að um sé kunnugt, og sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurzt í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

Nú eru líkur til, að bætt verði úr skorti á þjóðernisskilyrðum, sbr. 1. tölul., að skipi verði hjargað eða það komi fram, sbr. 2. tölul., að gert verði við skip, sbr. 3. tölul., eða að skip verði að nýju tekið í notkun, sbr. 4. og 5. tölul., og getur siglingamálastjóri þá ákveðið, að afmáningu skips af aðalskipaskrá skuli frestað um tiltekinn tíma, er hann metur eftir aðstæðum hverju sinni. Aldrei má þó veita lengri frest en 6 mánuði til að bæta úr skorti á þjóðernisskilyrðum.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur hlotið þjóðernisskírteini, skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni, nema glatað sé.

16. gr.

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingadómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum réttihöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr.

Skráningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingadómurum.

18. gr.

Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr.

Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernisskírteini.

Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til, að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað brestí á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

20. gr.

Fyrir útgáfu þjóðernisskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernisskírteini, áritun á mælibréf, endurrit þjóðernisskírteinis, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á

skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

21. gr.

Hver, sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar, að gefið er út þjóðernisskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi, sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslenzku þjóðernisskírteini, eftir að honum er kunnugt um, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 100 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi.

22. gr.

Hver, sem lætur skip sigla án lögmæltra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili, skal sæta sektum, ekki minni en 30 000 krónum, eða varðhaldi.

23. gr.

Hver, sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Siglingamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar, skal sæta sektum, ekki minni en 10 000 krónum, eða varðhaldi.

Hver, sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernisskírteini, sigla án þess, sbr. 10. gr., skal sæta sektum, ekki minni en 4000 krónum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernisskírteini, þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernisskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna, varða sektum.

24. gr.

Um brot samkvæmt 21.—23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

Nú er brot, sem um getur í 21.—23. gr., framið með verknaði, svo sem skjalfalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

25. gr.

Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21.—23. gr.

Taka má sektir fjárnámi í búi hinna seku.
Sektir renna í ríkissjóð.

26. gr.

Skip, sem löglega hafa verið skráð, þegar lög þessi öðlast gildi, halda skráningarrétti sínum.

Lög þessi hagma ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi nr. 33 19. júní 1922.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi fjórum mánuðum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu forseta Íslands. Falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög um skráning skipa nr. 17 8. marz 1948 ásamt lögum um breyting á þeim nr. 100 11. des. 1961.
2. 4. gr. siglingalaga nr. 66 31. desember 1963.
3. 13. gr. laga um Stofnfjarsjóð fiskiskipa nr. 58 1. maí 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Opinber skipaskráning hófst hér á landi, er út var gefin tilskipun um skrásetningu skipa 25. júní 1869. Þar var boðið, að skrá skyldi öll skip, sem mælingarskyld væru, en samkvæmt tilskipun frá sama degi um skipamælingar tók mælingarskylda til allra skipa og báta, sem heima áttu á Íslandi og voru að stærð meira en 12 tonn að rúmmáli. Auk skilyrða um stærð og heimilisfang skyldu skipin einnig fullnægja þeim þjóðernisskilyrðum, að eigandi hefði réttindi innborinna danska manna og ætli bólfestu innan Danaveldis.

Skráning skyldi fara fram á 6 tilteknum stöðum, Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, en ríkisstjórnin ákveða stærð skráningarumdæma. Var lögreglustjórum á stöðum þessum falið að halda skrárnar og rita þar þær upplýsingar um skip, sem nánar greinir í tilskipuninni. Að skráningu lokinni bar lögreglustjóra að senda stiftamtmani öll skráningargögn, en hann kannaði nánar, hvort skilyrði til skráningar væru fyrir hendi. Ef ekkert þótti athugavert, gaf stiftamtmaður út þjóðernisskírteini til bráðabirgða handa skipum, sem stærri voru en 30 rúmlestir (tonn), en um skip milli 12 og 30 rúmlestir var látið nægja, að þau hefðu mælibréf. Stiftamtmaður sendi því næst hlutaðeigandi lögreglustjóra bráðabirgðapjóðernisskírteinið til afhendingar handa skipinu, en skráningargögnin sendi hann til viðkomandi stjórnarráðuneytis í Danmörku, og þaðan gengu þau til skráningarstofunnar (Registreringskontoret) í Kaupmannahöfn. Þar var endanlega rannsakað, hvort skip fullnægði skráningarskilyrðum, og væri svo talið, var skipið skráð þar á aðalskipaskrá. Gaf Skráningarstofan þá jafnframt út fullnaðarþjóðernisskírteini og sendi stiftamtmani, en hann framsendi það til hlutaðeigandi lögreglustjóra til afhendingar handa skipi. Samkvæmt þessu hlaut það, er á umdæmisskrár var ritað, þá fyrst gildi, er Skráningarstofan hafði staðfest það eða samþykkt og tekið skipið á aðalskipaskrá. Sams konar fyrirgreiðslu hlutu allar síðari breytingar, sem á umdæmisskrár voru ritaðar, svo sem eigendaskipti, nafnbreyting á skipi og breyting á heimilisfangi þess.

Tilskipunin frá 1869 um skrásetningu skipa var leyst af hólmi með lögum um skrásetningu skipa nr. 31 13. des. 1895. Fyrirkomulag um skráningu hélzt þó svipað að öðru leyti en því, að nú var hvert lögsagnarumdæmi landsins gert að sérstökum skráningarumdæmi og að í stað stiftamtmanns kom landshöfðingi. Þegar landshöfðingjaembættið var lagt niður með lögum nr. 17/1903, voru stórf þess viðvíkjandi skráningu lögð til stjórnarráðsins (fjármálaskrifstofunnar). Aðalskráning fór sem áður fram í Kaupmannahöfn, og þar voru fullnaðarþjóðernisskírteini gefin út.

Eftir að sambandslögin nr. 39 30. nóv. 1918 gengu í gildi, var nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum um skráningu skipa. Voru því gefin út ný lög um skrásetningu skipa nr. 70 28. nóv. 1919. Þjóðernisskilyrði voru nú miðuð við íslenska ríkisborgara, sbr. lög um ríkisborgararétt nr. 21 6. okt. 1919. Störf dönsku Skráningarstofunnar viðvíkjandi íslenskum skipum voru flutt til fjármálaráðuneytisins. Þar skyldi haldin aðalskipaskrá og út gefin fullnaðarþjóðernisskírteini í stað þjóðernisskírteina til bráðabirgða, sem ráðuneytið hafði áður gefið út, eins og fyrr var getið.

Næst voru sett ný heildarlög um skráningu skipa nr. 29 27. júní 1925. Breytingar, sem með þeim voru gerðar, snertu einkum þjóðernisskilyrði, sem gerð voru ýtarlegri en áður, Þá var og ákveðið, að skipaskrár í héruðum skyldu vera tvær, önnur fyrir skip 12—30 rúmlestir brúttó, en hin fyrir stærri skip.

Með lögum um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra nr. 58 14. júní 1929 var sett á stofn embætti skipaskoðunarstjóra ríkisins. Samkvæmt nýjum heildarlögum um skráningu skipa nr. 37 19. maí 1930 var stofnuð sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningarstofa ríkisins. Þar skyldi haldin aðalskipaskrá fyrir allt landið og skipaskoðunarstjóri jafnframt vera skipaskráning-

arstjóri. Þjóðernisskírteini voru þó fyrst um sinn gefin út af fjármálaráðuneytinu, en með lögum nr. 26 13. júní 1937 var skipaskráningarstjóra falið að gefa þau út. Í lögunum frá 1930 var ákveðið, að skipaskrár í héruðum skyldu vera þrjár, þ. e. ein fyrir opna báta, stærri en 12 rúmlestir brúttó, svo og fyrir báta, þótt minni séu, ef þeir stunda fiskveiðar að staðaldri, önnur fyrir skip og báta með þilfari, allt að 30 rúmlestum brúttó, og hin þriðja fyrir stærri skip.

Loks voru gefin út heildarlög um skráningu skipa nr. 17 8. marz 1948, og eru þau enn í gildi. Urðu nú skráningarskyld öll skip 6 metrar á lengd eða stærri. Skipaskrár í héruðum skyldu áfram vera þrjár, en breytt var ákvæðum um flokkun skipa á skrárnar. Að öðru leyti var hin eldri tilhögun á skráningu látin haldast í aðalatriðum.

II.

Nauðsynlegt er af tvenns konar aðalástæðum að halda opinberar skrá yfir skip.

1. Annars vegar er um að ræða gæzlu opinberra hagsmuna. Þar kemur fyrst til greina, að ákveðið sé með öruggri vissu, hvaða skip skuli teljast íslenzk og hafa rétt og skyldu til að sigla undir íslenzkum fána. Skráningu skips á íslenzka skipaskrá fylgja margs konar réttindi og skyldur, meðal annars atvinnuréttindi, skylda til að halda skipi haffæru, meðan það er í notkun, tiltekna gjaldskyldur o. s. frv. Einnig er sérstök þörf fyrir, að ekki leiki vafi á, til hvaða skipa nái reglur íslenzkra laga um eftirlit með öryggi skipa. Þá er nauðsynlegt, að skip geti ávallt, bæði innan lands og utan, gert grein fyrir þjóðerni sínu og sannað á sér deili. Ýmsir fleiri hagsmunir koma til greina, þó að hér séu ekki raktir.

Í lögum um skráningu skipa ber að hafa reglur hinna opinberu hagsmuna, sem hér var getið. Verður það nánar rætt í umsögn um einstakar greinar frv., en hér skal að því vikið, hvornig skráningunni verði haganlegast fyrir komið, þannig að hún verði sem óbrotnustu og ódýrust í framkvæmd, án þess þó að slakað sé á kröfum um öryggi það, sem hún á að veita.

Frá því að skráning skipa var fyrst upp tekin fyrir réttum 100 árum, hefur henni verið hagað þannig, að haldnar væru tvenns konar skrár um hið sama efni, annars vegar skipaskrár í héruðum eða umdæmisskrár, sbr. 5. og 6. gr. núgildandi skráningarlaganna, og hins vegar aðalskipaskrá á skráningarstofu fyrir allt landið. Eins og lögunum er háttað, verður framkvæmd skráningar í aðalatriðum þannig: Þegar eigandi skips þarf að láta skrá það eða einhver atriði viðvikjandi því, skal hann snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra, sem þá rannsakar skráningarskilyrði. Ef hann er í vafa um, hvort skrá megi atriðið í umdæmisskrána, skal hann leita um það úrlausnar Skráningarstofu ríkisins, sbr. 9. gr. skráningarlaganna. Telji lögreglustjóri atriðið hins vegar vafalaust, skal hann rita það í skrána til bráðabirgða, en ekki fær skráningin gildi, fyrr en Skráningarstofan hefur staðfest réttmæti hennar, tekið atriðið upp á aðalskipaskrá og gefið út viðeigandi skipsskjöl, sem hún sendir lögreglustjóra til afhendingar handa skipi. Áður en málið er komið í rétt horf, þarf Skráningarstofan oft að afla nýrra gagna, ýmist fyrir milligöngu lögreglustjóranna eða beint frá skipaeigendum. Þessi tilhögun laganna gerir framkvæmd skráninganna óþarflega margbrotna og tafsama.

Það er ljóst, að þau 50 ár, sem aðalskráning fór fram í Kaupmannahöfn, var óhjákvæmilegt, að tvenns konar skrár væru haldnar. Aðalskipaskrá í öðru landi gat ekki fullnægt þörfum landsmanna. Og þó að aðalskráningin væri flutt hingað til lands árið 1919, var eðlilegt, eins og samgöngum innanlands var þá háttað, að sams konar tilhögun væri látin haldast. Nú má aftur á móti fullyrða, að með tilliti til greiðra samgangna og fjarskiptasambanda sé ekki lengur ástæða til þess tvi-
verknaðar að skrá í umdæmisskrár þau sömu atriði, sem með fullkomnara hætti eru rituð í aðalskipaskrá. Fyrir skipaeigendur verður einnig fljótverkara og brotminna í framkvæmd að geta fengið alla fyrirgreiðslu skráningarmála sinna hjá einni og sömu stofnun, enda er ávallt skilyrði gildirar skráningar, að hún sé gerð á aðalskipaskrá. Núverandi tilhögun hefur í för með sér aukinn kostnað, bæði

fyrir einstaklinga og hið opinbera, og margs konar óþarfa fyrirhöfn fyrir lögreglustjórana og Skráningarstofuna, meðal annars vegna stöðugra bréfaskrifta, símtala og símskeytasendinga. Með því að aðalskipaskráin getur að öllu leyti fullnægt skráningarþörfinni, án tillits til þess, hvar skip eða eigandi þess á heimili, er ráðgert í frv., að skráningarstörfum verði létt af lögreglustjórunum, en að öll skráningarstarfsemin verði eingöngu í höndum Siglingamálastofnunarinnar.

2. Í öðru lagi eru opinberar skrár um skip nauðsynlegar af ástæðum, sem varða einstaklingsréttindi. Fyrir viðskiptalífið og vernd eignarréttar almennt eru haldnar þinglýsingaskrár, sem á hverjum tíma geta veitt upplýsingar um eignarrétt að skipi og þau veð eða önnur eignarhöft, sem á skipi kunna að hvíla vegna samninga eða réttargerða.

Skráning réttinda yfir skipum er ákveðin í þinglýsingalögum, sbr. nú lög nr. 30 7. maí 1928. Með frv. þessu eru lagðar tiltekna smávægilegar starfsskyldur á þinglýsingadómendum í því skyni að tryggja fullkomna samræmingu milli aðalskipaskrár og þinglýsingabóka um þau sameiginlegu atriði, sem þar skulu standa, en ekki er með ákvæðum frv. haggð við efnisákvæðum þinglýsingalaga né réttar-áhrifum þinglýsingar.

Í skipaskráningarlögum hefur aldrei verið vikið að þinglýsingarreglum né gert ráð fyrir sambandi skipaskráa í héruðum við þinglýsingabækur. En með lögum um veð í skipum nr. 20 16. nóv. 1907 var komið á tengslum þar á milli. Þar segir í 2. gr.: „Á blaðsiðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra heimildarskjala, veðsetninga og eignarhafta, er þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu“. Með því að skipaskrárhald í héruðum og þinglýsingar voru í höndum hinna sömu embættismanna, þ. e. sýslumanna og bæjarfógeta, var hér aðeins um hagnæma starfstilhögun að ræða, sem hafði ekki í för með sér neinar efnisbreytingar, hvorki um skipaskráningu né þinglýsingu.

Lögin frá 1907 voru felld úr gildi með siglingalögum nr. 63/1913, en skipaskrárnar voru samt notaðar áfram í sambandi við þinglýsingar. Þegar svo núgildandi þinglýsingalög voru sett árið 1928, var gert ráð fyrir því, að þinglýsingaskrár yrðu aðgreindar frá skipaskránum, því að í 11. gr. laganna segir: „Þangað til fengin er í lögsagnarumdæminu ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum. má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20 10. nóv. 1907“. Hin ráðgerða aðgreining hefur þó ekki einn komið á. Þess má geta, að í Reykjavík heyrði skráning skipa á umdæmisskrá undir lögreglustjóraembættið fram til ársins 1939, sbr. lög nr. 26/1917 og 67/1928, en með lögum nr. 67/1939 var skráningin flutt til þáverandi lögmannsembættis, sem annaðist þinglýsingar, og nú heyrir hún undir borgarfógeta, sbr. lög nr. 98/1961.

Þó að núverandi tengsl milli skipaskráningar og þinglýsingar hverfi úr sögunni, ef frv. þetta verður að lögum, verða þó áfram nokkur sameiginleg atriði, sem bæði ber að skrá á aðalskipaskrá og í þinglýsingabækur. Svo er um eiganda eða eigendur skipa, heimilisfang skips, nafn þess og fleiri auðkenni. Er þá nauðsynlegt, að fullt samræmi haldist um þessi atriði milli skráanna. Af þeim sökum hafa verið sett í frv. eftirgreind ákvæði, sem eiga að koma í veg fyrir ósamræmi.

Samkvæmt 6. gr. frv. skulu skip, sem ekki hafa áður verið skráð hér á landi, frumskráð hjá Siglingamálastofnuninni, áður en þau eru tekin í þinglýsingabækur. Það er þá fyrst, er Siglingamálastofnunin hefur tekið ákvörðun um, að skrá megi skip á aðalskipaskrá, sem kann að hefur verið til hlítar, hvort það fullnægir skilyrðum til að teljast íslenskt skip, sem megi hafa skráð heimilisfang hér á landi. Þar er líka skráð heimilisfang skipsins og fullnaðarathugun gerð um heimild til nafns, sem því er gefið. Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. frv. ber Siglingamálastofnuninni svo að senda tilkynningu um skráninguna til þinglýsingadómara í því umdæmi, þar sem skipið hefur hlotið heimilisfang, og er þá unnt að skrá skipið í þinglýsingabækur, sbr. 4. gr. þinglýsingalaganna.

Ef síðar verða eigendaskipti að skráðu skipi, gilda samkvæmt 12. gr. frv. aðrar

reglur en um frumskráningu. Þá verða eigendaskiptin ekki skráð á aðalskipaskrá, fyrir en eignarheimild hins nýja eiganda hefur verið þinglesin. Ef þinglestur væri ekki gerður að skilyrði fyrir umskráningu, en það eitt látið nægja, að aðili kæmi með óþinglesna eignarheimild, mundi um óákveðinn tíma verða ósamræmi milli aðalskipaskrárinnar og þinglýsingabóka um eignarheimild að skipinu, en það gæti valdið misskilningi og ef til vill réttarspjöllum. Að vísu gæti svo farið, að þrátt fyrir þinglesin eigendaskipti neitaði Siglingamálastofnunin að skrá hinn nýja eiganda á aðalskipaskrá, vegna þess að hann fullnægði ekki þjóðernisskilyrðum, en þá mundi um málið fara eftir ákvæðum 15. og 16. gr. frv., sem ættu beint við um slíkt tilvik.

Ef breyting verður á heimilisfangi skips, nafni þess eða öðrum auðkennum, sem getið er í þinglýsingabókum, þá skal samkvæmt 13. gr. frv. fyrst skrá breytingu á aðalskipaskrá, enda ber Siglingamálastofnuninni að kanna, hvort fyrir hendi séu skilyrði til breytinga. Ef breyting er skráð, skal Siglingamálastofnunin tilkynna það hlutaðeigandi þinglýsingadómara eða dómurum, eins og nánar verður getið í umsögn um 13. gr.

Loks er svo ákvæði 16. gr. um, að þegar Siglingamálastofnunin hefur samkvæmt ákvæðum 15. gr. afnáð skip af aðalskipaskrá, þá skuli hún þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi þinglýsingadómara. En nú getur verið, að þó að skilyrði til afmáningar af aðalskipaskrá hafi verið fyrir hendi, þá skorti samt skilyrði samkvæmt reglum þinglýsingalaga til að fella skipið þegar í stað úr þinglýsingabókum. Til þess að koma í veg fyrir misskilning, sem af þessu gæti stafað, er ákveðið, að þinglýsingadómari skrái athugasemd um afmáninguna á blað skips í þinglýsingabók, sbr. 11. gr. þinglýsingalaga. Ber honum þá einnig að geta um afmáninguna á veðbókarvottorðum. Til enn frekari tryggingar skal þinglýsingadómari tilkynna afmáninguna þinglesnum rétthöfum að skipi, sem um er vítað.

III.

Framangreind aðalbreyting á fyrirkomulagi skráningar, að umdæmisskrár hverfa úr sögunni, ef frv. verður að lögum, leiðir til þess, að niður falla ýmis ákvæði núgildandi skráningarlaga og að öðrum verður að breyta til mikilla muna. Auk þess eru felld burtu nokkur úrelt og óþörf fyrirmæli. Niðurskipun ákvæða og orðalagi hefur einnig verið breytt, eftir því sem bezt þótti á fara.

Við samningu frv. hefur fyrst og fremst verið stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur við framkvæmd laganna að undanfögnu. Einnig hafa um sum atriði verið höfð til hliðsjónar dönsk „Lov om skipsregistrering nr. 93 af 29. marts 1957” og norskt „Utkast med motiver til lov om endring av skipsregisterlovgivningen m. m.” frá 1966.

Verður þá vikið að umsögn um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Hér eru greind þau skilyrði, sem skip þarf að fullnægja, til þess að það sé tekið á íslenzka skipaskrá. Skilyrðin eru tvenns konar, eins og í núgildandi skráningarlögum, annars vegar um stærð skips og hins vegar um eignarrétt að því.

Um stærðina gildir hið sama og í núgildandi lögum, sbr. 3. gr. þeirra. Miðað er við, að skip sé 6 metrar á lengd hið minnsta, og er það í samræmi við núgildandi lög um skipamælingar nr. 23/1950.

Eignarréttarskilyrðin eða þjóðernisskilyrðin eru mikilvægustu ákvæði skráningarlaga. Undir þeim er komið, hvort skip skuli talið íslenzkt, sbr. 2. gr. frv. Það virðist ljóst, að skip geti ekki í þessu sambandi talizt íslenzkt, nema það sé að meiri hluta í eign íslenzkra ríkisborgara. Til þess að gera tryggara, að þeirri kröfu sé fullnægt, þykir rétt að miða við nokkuð aukinn meiri hluta. Er því lagt til, að sé skip í félagseign, þá skuli það vera að þremur fimmtu hlutum hið minnsta eign íslenzkra ríkisborgara eða aðila, sem settir eru á bekk með þeim, sbr. umsögn um 5. tölul. Í nýlegum lögum um skyld efni eru þjóðernisskilyrði höfð nokkuð strang-

ari en hér er gert, sbr. um loftferðir f-lið 7. gr. laga nr. 34/1964 og um eignarrétt að fasteignum 4. tölul. 1. gr. laga nr. 19/1966.

Þeirri reglu er fylgt um eignarrétt að skipum, að aðilar, sem ótakmarkaða ábyrgð bera, skuli vera íslenzkir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi. Sömu skilyrði eru sett um stjórnendur félaga, samtaka eða stofnana, en niður felld sú krafa 3. og 4. tölul. 1. gr. núgildandi laga, að stjórnendur skuli eiga hlut í félögum. Um félög, þar sem takmörkuð ábyrgð kemur til greina (4.—6. tölul.), er gert að skilyrði, auk þess sem áður segir um stjórnendur, að íslenzkir ríkisborgarar, án tillits til heimilisfangs, eða aðilar, sem settir eru á bekk með þeim, eigi þrjá fimmtu hluta félagsseigna.

Með aðgreiningu 1. gr. í töluliði er ætlað til, að tekin sé tæmandi afstaða til hinna mismunandi eignaraðildarforma, sem til greina koma samkvæmt íslenzkri löggjöf.

Ákvæði 1. tölul. þarfnast ekki skýringar.

Fyrirmæli 2. tölul. eru í samræmi við 1. tölul. 1. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að fellt er niður, að fimm ára heimilisfang erlendra ríkisborgara hér á landi jafngildi í þessu sambandi íslenzkum ríkisborgararétti. Ákvæði þetta, sem kom fyrst inn í skráningarlög árið 1919, samtímis hinum fyrstu íslenzku ríkisborgaralögum, virðist ekki lengur eiga rétt á sér.

Í 3. tölul. ræðir um félög með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi með þeirri sérstöku tegund ábyrgðar með öllum eignum, sem ákveðin er í 9. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Í 2. tölul. 1. gr. núgildandi laga er látið nægja, að $\frac{2}{3}$ félagsmanna fullnægi skilyrðum um ríkisborgararétt og heimilisfang, en hér er fylgt hinni almennu reglu, sem áður er getið, sbr. og samsvarandi ákvæði loftferðalaga og laga um eignarrétt að fasteignum, þar sem þátttaka erlendra ríkisborgara er útilokuð í slíkum félögum.

Ákvæði 4. tölul. varða samlagsfélög, þar sem einn eða fleiri félagsmenn bera fulla, en aðrir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, sbr. skýrgreiningu í 9. gr. firmalaganna nr. 43/1903. Skilyrði um ríkisborgararétt og heimilisfang þeirra félagsmanna, er fulla ábyrgð bera, er óbreytt frá því, sem nú gildir. Sama er um skilyrði varðandi ríkisfang og heimilisfang stjórnenda, en í stað þess, að þeir skuli eiga hluti í félaginu, kemur hér hið almenna skilyrði um, að $\frac{2}{3}$ hlutar félagsseigna séu í eign íslenzkra ríkisborgara.

Í 5. tölul. er fjallað um hlutafélög. Haldið er því skilyrði 4. tölul. 1. gr. núgildandi laga, að félagið eigi heimili og varnarþing á Íslandi, og við er bætt, að það sé skráð á hlutafélagaskrá, sbr. 10. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921. Skilyrði um ríkisfang og heimilisfang stjórnenda eru einnig hin sömu og í núgildandi lögum. Skilyrði um hlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara og atkvæðamagn þeirra á hlutahafafundum eru hins vegar ný. Er um það, eins og áður greinir, höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaganna og laga um eignarrétt að fasteignum. Þegar meta skal, hvort hlutafjáreign sé að $\frac{2}{3}$ hlutum í höndum Íslendinga, eru aðilar, sem sjálfstætt hafa rétt til að fá skip skráð hér á landi samkvæmt 1. gr., settir á bekk með íslenzkum ríkisborgurum. Hér er átt við félög, samtök eða stofnanir, sem njóta skráningarréttar samkvæmt 3.—6. tölul., enda þótt þau kunni að vera allt að $\frac{2}{5}$ hlutum í erlendra eign.

Loks eru í 6. tölul. ákvæði um félög, samtök eða stofnanir, sem ekki falla undir ákvæði 1. eða 3.—5. tölul. Skilyrði um heimilisfang og varnarþing félagsskapar eða stofnunar, svo og um ríkisfang og heimilisfang stjórnenda, eru hin sömu og nú gilda samkvæmt 4. tölul. 1. gr. laganna. Í stað skilyrðis um hlutareign stjórnenda kemur hér hið almenna skilyrði um, að félagseign samtaka eða stofnunar skuli vera að $\frac{2}{3}$ hlutum hið minnsta í eign íslenzkra ríkisborgara eða aðila, sem settir eru á bekk með þeim, sbr. umsögn um 5. tölul.

Um 2. gr.

Þessi grein svarar til 2. gr., sbr. og upphaf 1. gr., nógildandi skráningarlaga. Í lögum um þjóðfána Íslands nr. 34/1944 ræðir um notkun fánans, þar á meðal, hvernig fánastöngum skuli komið fyrir á skipum.

Um 3. gr.

Hugtakið skip er ekki skilgreint sérstaklega í frv. Sú skilgreining í 3. gr. nógildandi skráningarlaga, að skip merki „hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja“, gefur í rauninni enga leiðbeiningu. Viða er tekið fram í lögum, að skip merki „fljótandi far“, en á því er einnig lítið að græða.

Í 1. mgr. er ákveðið, að svifskip skuli teljast til skipa samkvæmt skráningarlögum. Þykir þetta eðlilegast, þar sem ætla má, að notkun þeirra verði að miklu mun meira tengd sjó en þurru landi, og vart munu þau heldur verða talin til loftfara, sbr. 1. gr. loftferðalaga nr. 34/1964. Í áðurgreindu uppkasti frá 1966 um breytingu á norskri skipaskráningarlöggjöf eru reglur um skipaskráningu látnar taka til svifskipa.

Af 2. mgr. má ráða, að för eða tæki, sem á sjó fljóta og knúin eru af hreyfi-afli í því sjálfu, skuli talin til skipa í sambandi við skráningarreglur. Um önnur för eða tæki, sem á sjó fljóta, er lagt á vald siglingamálastjóra að ákveða, hvort þau séu tekin á skipaskrá. Um það mun væntanlega miklu ráða, hversu nauðsynlegt telst, að reglur um eftirlit með öryggi skipa og báta nái til þessara fara eða tækja, sem geta verið margs konar og ólík sín á milli, svo sem flutningaprammar, flotkviar, flotkrantar, fljótandi geymar o. s. frv. Er ekki unnt að gefa á því neina tæmandi upptalningu.

Í 3. mgr. ræðir um bráðabirgðaskráningu skipa, sem smíði er ekki enn lokið á eða þau eru ófullgerð að öðru leyti. Þó að skip sé enn í smíðum, getur verið þörf fyrir eiganda þess og jafnvel einnig fyrir skipasmíðastöðina, einkum í sambandi við lántökur og veðsetningar, að það sé opinberlega skráð til bráðabirgða. Og þó að þetta taki aðallega til þinglýsingareglna, þá er samt rétt að hafa í lögum heimild um, að bráðabirgðaskráning geti einnig átt sér stað hjá Siglingamálastofnuninni, enda rannsakar hún og tekur ákvörðun um, hvort eignarrétti að hinum ófullgerða skipi sé þannig háttað, að skrá megi það hér á landi. Ef til þessa kemur, er siglingamálastjóra falið að setja reglur þar að lútandi, meðal annars um, hversu smíði skips þarf að vera langt komið, til þess að skráning geti farið fram.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um aðalskipaskrána og hvaða upplýsingar um skip hún skuli greina, sbr. 6. gr. og 3. mgr. 5. gr. nógildandi laga. Til þess að auðvelda skráninguna er heimilað, að skráin megi vera lausblaðabók.

Þau atriði, sem skrá skal samkvæmt 2. mgr. á aðalskipaskrána, eru að mestu í samræmi við nógildandi lög og framkvæmd þeirra. Í 1. tölul. er þó sú regla, sem er ekki í nógildandi lögum, að hvert skip, sem tekið er á aðalskipaskrá, skuli hafa þar sitt sérstaka skipaskrárnúmer, unz það er afmáð af skránni. Gerir þetta auðveldara að fylgjast með hverju skipi, frá því að það er fyrst á skrá tekið, þó að síðar verði að því eigendaskipti eða breytt verði nafni þess eða heimilisfangi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu þeirrar reglu í samræmi við langvarandi framkvæmd, að árlega skuli gefin út skipaskrá yfir skráð íslensk þilskip.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ræður eigandi skips, hvar hann lætur skrá heimilisfang þess, en þó svo, að skipið verður að hafa tiltekna heimahöfn. Ber því að neita um skráningu heimilisfangs á stað, þar sem skipið getur ekki til hafnar komið. Er þetta í samræmi við erlend skráningarlög. Um heimilisfang verður nánar rætt í umsögn um 13. gr. frv.

Í 2. mgr. eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði 2. mgr. 7. gr. nógildandi skrán-

ingarlaga um veitingu einkaleyfa til nafns og annarra einkenna á skipum. Þessi ákvæði komu fyrst í skráningarlög með lögum nr. 26/1937.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um skráningu skipa, sem eru ekki þegar fyrir á aðalskipaskrá, en undanskilin eru þó þau skip, sem skráð hafa verið til bráðabirgða samkvæmt 9. gr.

Undir ákvæði 1. mgr. falla skip, sem nýsmíði hefur farið fram á fyrir íslenska aðila hér á landi eða erlendis. Sömuleiðis erlend skip, sem komizt hafa í eign íslenskra aðila, hvort heldur við kaup, arf, vegna hjúskapar eða með öðrum hætti. Þar til heyra m. a. erlend skip, sem komizt hafa í eign íslenskra aðila, eftir að þau hafa verið gerð upptæk hér, bjargað af strandstað o. s. frv.

Í 2.—4. mgr. ræðir um skráningarbeiðnir og hvaða gögn skuli fylgja þeim. Þegar frumskrá skal nýsmíðað skip, segir skipasmíðaskirteinið venjulega til um, hver sé eigandi þess, en beri skirteinið það ekki með sér, verður sérstakt eignarheimildarbréf að fylgja beiðninni, og sama er ávallt, þegar frumskrá skal notuð skip.

Um efni 5. mgr. hefur verið rætt í II, 2, hér að framan.

Oft getur verið nauðsynlegt, að skip fái nafn og önnur auðkenni, áður en fullnaðarskráning fer fram. Hefur þetta komizt á í framkvæmd, en hér er í 6. mgr. gert ráð fyrir, að regla um það verði lögfest.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru efnislega óbreytt fyrirmæli 1. mgr. 12. gr. núgildandi skráningarlaga um útgáfu þjóðernisskirteina og mælibréf. Í 3. mgr. eru ákvæði um, hvað greina skuli í þjóðernisskirteini, og eru þau um sumt ýtarlegri en samsvarandi ákvæði 2. mgr. 12. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 1.—4. mgr. eru ákvæði um mörkun á skip. Samkvæmt 13. gr. núgildandi laga eiga fyrirmæli þeirra um merkingu við um öll skrásett skip, en hér er sú breyting gerð, að ákvæði frv. um merkingu taka ekki beint til annarra skipa en þeirra, sem eru 30 rúmlestir brúttó eða stærri og þjóðernisskirteini hljóta. Með því að mörkunarreglurnar henta ekki að sumu leyti um smærri skip, er lagt á vald siglingamálastjóra að ákveða merkingu þeirra.

Fyrirmæli 5. og 6. mgr. taka til allra skráðra skipa. Í stað ráðherraleyfis til nafnbreytingar á skipi kemur hér leyfi siglingamálastjóra. Að öðru leyti vísast nánar um nafnbreytingu til umsagnar um 13. gr.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp efnisatriði 14. gr. núgildandi skráningarlaga um þjóðernisskirteini til bráðabirgða. Ákvæði frv. eru lítið eitt fyllri, en breytingar frá lög-unum smávægilegar. Aðalbreytingin er að gildistími þjóðernisskirteinis til bráðabirgða er stytur úr tveimur árum í einn mánuð. Tveggja ára gildistíminn var upphaflega ákveðinn í tilskipuninni frá 1869, en vegna breyttra tíma er það ákvæði nú fyrir löngu orðið úrelt.

Um 10. gr.

Greinin kemur í stað 15. gr. núgildandi skráningarlaga. Í þeirri grein er lög-reglustjórum og fulltrúum Íslands erlendis veitt almenn heimild til að rita á þjóðernisskirteini, en í frv. er heimildin veitt lögskráningarmönnum, sbr. lög nr. 63/1961, og fulltrúum Íslands erlendis, og er hún nú takmörkuð við ritun nafns og skipstjórnarheimildar skipstjóra, þegar skipstjóraskipti verða.

Um 11. gr.

Í grein þessari segir, hvenær gefa skuli út nýtt þjóðernisskirteini í stað eldra. Úr samsvarandi 16. gr. núgildandi laga eru felld atriði þau, sem þar greinir í 2.

og 5. tölulið, með því að telja verður þau óþörf, en við er bætt í 4. tölul. 11. gr. frv. því atriði, að gefa skal út nýtt þjóðernisskírteini, ef eigendaskipti verða að skipi, enda er það í samræmi við undanfarandi framkvæmd laganna.

Um 12. gr.

Um efni 1. mgr. hefur þegar verið rætt í II, 2, hér að framan, og vísast til þess.

Ákvæði 2. mgr. eiga að útiloka, að skip séu í notkun í nafni óskráðra eigenda. Það bryti í bág við tilgang skráningarlaga og það öryggi, sem þau eiga að veita, m. a. um þjóðernisskilyrði, ef aðilar, sem ekki væri getið á aðalskipaskrá, hefðu skip í förum í eigin nafni. Þess vegna ber lögskráningarmönnum samkvæmt lögum nr. 63/1961 að gæta þess vandlega að lögskrá ekki á skip í nafni annars aðila en þess, sem samkvæmt skipsskjölum er skráður eigandi.

Ákvæði 3. mgr. eru sett til að gera ljóst, hvaða aðili ber gagnvart hinu opinbera ábyrgð á greiðslu skipaskoðunargjalda á hverjum tíma. Þegar eigendaskipti verða að skipi, má innheimta hjá hinum fyrri eiganda þau gjöld, sem á hafa fallið fram að umskráningartíma, og skiptir ekki máli í því sambandi, hvornig háttað kann að vera samkomulagi milli hins fyrri og hins síðari eiganda um greiðslu gjaldanna.

Um 13. gr.

Hér ræðir í 1. mgr. um breytingu á nafni eða heimilisfangi skips, sem skráð er á aðalskipaskrá.

Heimilisfangi skips ræður eigandi þess samkvæmt 1. mgr. 5. gr. frv., en þó svo, að það sé á stað, þar sem skipið getur til hafnar komið, eins og getið er í umsögn um 5. gr. Ekki þarf opinbert leyfi til að fá skipi nýtt heimilisfang, sem fullnægir skilyrði 5. gr., en breyting getur ekki að neinu leyti komið til framkvæmdar, fyrr en hún hefur verið skráð á aðalskipaskrá og viðeigandi skipsskjöl út gefin.

Um nafnbreytingu eru ákvæði í 5. mgr. 8. gr. frv. auk þeirra, sem hér eru í 1. mgr. Rétt til að gefa skipi nýtt nafn hafa eigendur þess, þegar eigendaskipti verða að því, enda brjóti hið nýja nafn ekki í bág við einkarétt samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Ef skip er hins vegar áfram í eign hins sama eða hinna sömu aðila, verður nafni þess því aðeins breytt, að siglingamálastjóri veiti leyfi til þess. Nafnbreyting getur ekki farið fram, nema allir eigendur þess samþykki það. Ef skip er í eign félags, er nægilegt, að ákvörðun um nafnbreytingu hafi verið gerð með þeim meiri hluta atkvæða, sem eftir samþykktum þess er skilyrði fyrir gildum ákvörðunum. Nafnbreyting kemur til framkvæmdar eftir sömu reglum og áður greinir um breytingu á heimilisfangi.

Í lögum um veð í skipum nr. 20/1907 var í 2. mgr. 4. gr., svofellt ákvæði: „Nafnbreyting á skipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því aðeins leyfa, að allir þeir, sem þinglesinn veðrétt hafa í skipinu, samþykki það“. Eins og sjá má af umræðum á Alþingi, er frumvarp til laganna var þar til meðferðar, var tilefni ákvæðisins það, að fram til þess tíma var um veð í skipum farið eftir reglum um veð í lausafé og veðskjöl þinglesin þar, sem eigandi skips átti heima, án tillits til þess, hvar skip var skrásett. Þótti veðhöfum því erfitt að fylgjast með veðinu, ef breyting varð á nafni skips eða heimilisfangi. Þegar lög frá 1907 voru úr gildi felld, var umrædd regla tekin upp í siglingalögin, sbr. 9. gr. laga nr. 56/1914, en með þeirri breytingu, að í stað orðanna: „sem þinglesinn veðrétt hafa í skipinu“, kom: „sem eiga þinglesin réttindi yfir því“. Samsvarandi regla hefur aldrei verið tekin í siglingalög annarra Norðurlandþjóða. Umrætt ákvæði siglingalaganna frá 1914 var fellt úr gildi með núgildandi siglingalögum nr. 66/1963, en í þess stað tekið svofellt ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laganna: „Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir“. Hefur það ákvæði verið tekið upp í 5. mgr. 8. gr., eins og áður var getið.

Með siglingalögum 1963 var samkvæmt framansögðu fellt niður, að samþykki veðhafa þyrfti til breytinga á nafni skips eða heimilisfangi. Nú hefur vænt-

anlega vegna áhrifa frá eldra rétti verið tekið upp í 13. gr. laga um Stofnfjár-sjóð fiskiskipa nr. 58/1968 svofellt ákvæði: „Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjár-sjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs“. Lagt er til í frv., sbr. 27. gr., að ákvæði þetta sé fellt niður. Það gengur, eins og samsvarandi fyrirsmáli laganna frá 1907 og 1914, mjög inn á eðlilegt athafna- og umráðasvið skipaeigenda, þar sem tekið er fram fyrir hendur þeirra um rétt til að ráða nafni skips síns og heimilisfangi, en síðara atriðið (heimilisfangið) getur verið mjög þýðingarmikið fyrir atvinnurekstur útgerðarmanna. Reglur um skráningu skipa á aðalskipaskrá og í þinglýsingabækur veita veðhöfum nú auðvelda og örugga leið til að staðreyna, ef á þarf að halda, til hvaða skips veðréttur þeirra taki, þó að breyting nafns eða heimilisfangs hafi farið fram, eftir að veð var stofnað. Til frekari tryggingar er svo í 2. mgr. 13. gr. boðið, að þinglýsingadómarar tilkynni veðhöfum, sem um er kunnugt, umræddar breytingar.

Um efni 2. mgr. 13. gr. hefur þegar verið getið í II, 2, hér að framan.

Í 3. mgr. ræðir um flutning skips milli þinglýsingaumdæma. Er hér tekin upp ákvæði 2. mgr. 4. gr. siglingalaganna 1963 með þeim breytingum, sem af því leiðir, að umdæmisskrár falla niður. Þess má geta, að í 9. gr. siglingalaganna frá 1914 var sett það skilyrði um skip, sem flutt voru milli umdæma, að þinglesin skjöl viðvíkjandi því yrðu að vera innrituð í veðmálabækur í hinu nýja umdæmi innan mánaðar frá flutningnum, ef þau áttu að halda gildi sínu. Þetta ákvæði var fellt niður með siglingalögunum 1963, og í 3. mgr. 13. gr. frv. er beint tekið fram, að réttaráhrif þegar þinglesinna skjala rofni ekki vegna flutningsins.

Um 14. gr.

Um skyldu til að tilkynna Siglingamálastofnuninni eigendaskipti að skipi ræðir í 12. gr. frv., og um sams konar skyldu, þegar breytt er nafni skips eða heimilisfangi, er fjallað í 13. gr. Hér er svo almennt ákvæði um tilkynningarskyldu, þegar breyting verður á öðrum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá. Samsvarandi almennt regla er í 1. mgr. 17. gr. nógildandi skráningarlaga.

Um 15. gr.

Ákvæði um afmáningu skips af aðalskipaskrá eru hér gerð ýtarlegri en nú er samkvæmt 18. gr. skráningarlaganna.

Í 1. tölul. ræðir um missi þjóðernisskilyrða, og er þar haldið óbreyttri þeirri reglu, sem nú er í 2. tölul. 18. gr. laganna.

Í 2. tölul. er tekið upp það skilyrði 1. tölul. 18. gr., að skip hafi farizt, en við er bætt því skilyrði, að skip hafi horfið, án þess að beint sé sannað, að það hafi farizt. Lengd frestsins, 6 mánuðir, er aðallega miðuð við, að skip hafi horfið erlendis. Eins og greinir í 3. mgr., má lengja frestinn, ef líkur eru til, að skip geti komið fram, t. d. ef það hefur horfið í fjarlægum löndum á styrjaldartímum.

Ákvæði 3. tölul. svara til fyrirsmála í 1. tölul. 18. gr. laganna. Skilyrðið um, að skip sé ekki talið þess virði, að við það sé gert, á meðal annars við það, er skip er metið óbætandi samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Ákvæði 4. og 5. tölul. eru nýmæli. Ekki þykir ástæða til að halda skipum á skipaskrá, þegar þau hafa fallið úr notkun í svo langan tíma, sem í tölulögunum greinir, enda hefur reynslan sýnt, að yfirleitt eru skip, sem þannig er ástatt um, ekki tekin síðar til notkunar.

Í 2. mgr. ræðir um sönnun fyrir því, að skilyrði til afmáningar séu fyrir hendi. Sönnunin er ekki að neinu leyti formbundin, en nefnd eru sérstaklega sem dæmi opinber vottorð og skoðun. Hentugt kann að vera að afla opinberra vottorða frá embættismönnum, þar sem heimilisfang skips er skráð, eða frá fulltrúum Íslands erlendis. Að því er skoðun varðar, getur komið til greina skoðun skipaskoðunarmanna, dómkvaddra manna o. fl.

Í 3. mgr. er siglingamálastjóra veitt heimild til að fresta afmáningu af skipaskrá, þegar sérstaklega stendur á. Að því er 1. tölul. snertir, er einkum haft í huga, að skip glati þjóðernisskilyrðum vegna eignaryfirfærslu, sem stafar af hjúskaparstofnun, búskiptum, m. a. vegna erfða, eða sökum þess að erlendur aðili, sem veð á í skipi, verður kaupandi að því á nauðungaruppbóði. Ef hinn nýi eigandi óskar í þessum eða öðrum álika tilvikum að koma skipinu aftur í íslenska eign, má veita honum frest til þess, en þó ekki lengri en 6 mánuði. Að því er tekur til 2.—5. tölul., þá eru ekki sett takmörk fyrir lengd fresta, en líkur eiga að vera fyrir hendi til þess, að skip komi aftur í notkun, t. d. að því verði hjargað af strandstað, að gert verði við það o. s. frv.

Um 16. gr.

Um efni þessarar greinar hefur þegar verið rætt í II, 2, hér að framan, og vísast til þess.

Í 6. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er ákveðið, að í gjalddaga falli skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslensk skip. Gert er ráð fyrir, að samhliða frv. því, sem hér liggur fyrir, verði lagt fyrir Alþingi sérstakt frv. um breytingu á umræddri 6. gr., þar sem ákveðið verði þrengt þannig, að það taki aðeins til skipa, sem afmáð eru af aðalskipaskrá sökum þess, að þau fullnægi ekki lengur þjóðernisskilyrðum.

Ekki er frv. þessu ætlað að haggja neitt við ákvæðum 5. gr. siglingalaganna.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Efnisákvæði 1. mgr. um rannsókn svara til ákvæða í 8.—10. gr. núgildandi skráningarlaga.

Samkvæmt 11. gr. núgildandi laga er heimild til að bera mál undir úrskurð dómsstóla bundin við það, að fyrst hafi gengið úrskurður ráðherra eftir 9. eða 10. gr. Hér er í 2. mgr. mælt fyrir um almenna heimild, hvort heldur er um úrlausnir siglingamálastjóra eða ráðherra að ræða. Getur þá aðili, sem telur lagalegum rétti sínum hallað, leitað um það úrlausnar dómstóla í venjulegu einkamáli.

Um 19. gr.

Hér er tekið upp það efni úr 20. gr. núgildandi skráningarlaga, sem ástæða þykir til, að í lögum haldist.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 100/1961 um breytingu á 21. gr. skráningarlaganna eru hér tekin upp, að undanteknum fyrirmælum um gjöld fyrir eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa. Heimild til að setja reglur um gjöld fyrir mælingu eru nú í 17. gr. laga nr. 23/1950.

Um 21.—24. gr.

Refsiákvæði þessara greina koma í stað refsifyrirmælanna í 22., 23. og 25. gr. skráningarlaganna. Ekki þykir ástæða til, að upphæð sekta sé tengd stærð skips, eins og gert er í lögnum.

Um 25. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði úr 24. og 26. gr. skráningarlaganna með viðeigandi breytingum.

Um 26. gr.

Að því er snertir ákvæði 1. mgr., þá þykir sjálfsagt, að nýmæli og breytingar samkvæmt frv. þessu raski ekki skráningarréttindum þegar skráðra skipa.

Frv. þessu er ekki ætlað að fara neitt inn á það svið, sem markað er með lögum nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi. Ef nauðsyn ber til að breyta ákvæðum þeirra, er eðlilegast, að það verði gert með heildarendurskoðun laganna.

Um 27. gr.

Viðvikjandi 2. og 3. tölul., sjá umsögn um 13. gr. frv.